

Grisjunarreglur Norðurlandsskóga

Samkvæmt samningi um nytjaskógrækt skulu Norðurlandsskógar greiða fyrir grisjun og umhirðu skóganna.

Eftirfarandi reglur gilda um grisjun sem styrkt er með framlagi Norðurlandsskóga:

Norðurlandsskógar styrkja fyrstu grisjun í hverjum reit. Sé rétt að þeirri grisjun staðið ættu næstu grisjanir að standa undir sér og öll umhirða verða fjárhagslega sjálfbær upp frá því. Skógarbóndi tekur því við skóginum eftir að fyrstu grisjun er lokið.

Í einhverjum tilvikum má reikna með að fyrsta grisjun skili af sér timburafurðum sem gefa tekjur. Verði tekjur umfram kostnað við grisjunina renna þær til skógarbónda, en aðeins þannig að allur kostnaður við grisjunina hafi verið greiddur.

Skógarbónda býðst að velja um fjórar leiðir við framkvæmd grisjunar:

A. Skógarbóndi sér alfarið um framkvæmd grisjunar eftir leiðbeiningum Norðurlandsskóga

- Skógarbóndi fær greitt samkvæmt taxta NLS. (u.þ.b.120.000 kr/ha) (greitt er eftir þéttleika skógarins og felldu rúmmáli)
- Skógarbóndi nýtir efnið úr skóginum eins og honum hentar.

Ef skógarbóndi kys að grisja ekki sjálfur getur hann óskað eftir því að fenginn verði verktaki. Skógarbóndi þarf að ákveða áður en grisjun hefst hvort hann vill nýta efni sem til fellur eða ekki. Ef hann ætlar ekki að nýta efnið verður leið B fyrir valinu. Í þessu tilfalli verða höggvin tré ekki kvistuð nema á einni hlið og engu efni verður staflað upp.

B. Verktaki grisjar en allt efni er látið liggja þar sem það fellur

- Verktaki fær greitt frá NLS samkvæmt taxta eða verk er boðið út. (≈120.000 kr/ha)
- Ekki er reiknað með að skógarbóndi vilji nýta efni sem til fellur .

Ef skógarbóndi vill hinsvegar hirða allt nýtilegt efni og fá verktaka til að grisja verður leið C fyrir valinu. Í þessu tilfalli verður grisjunin heldur dýrari og þarf skógarbóndi að bera þann aukakostnað sem fellur til vegna kvistunar og uppstöflunar á efni .

C. Verktaki er fengin til að grisja og hann kvistar og staflar öllu nýtilegu efni .

- Verktaki fær greitt frá NLS samkvæmt taxta eða verk er boðið út. (≈120.000 kr/ha frá NLS)
- Skógarbóndi borgar 20% af grisjunarkostnaði vegna kvistunar og uppstöflunar á viði (≈24.000 kr/ha frá skógarbónda)

Ef skógarbóndi sér ekki fram á að geta nýtt efni sjálfur en NLS telja það svara kostnaði getur skógarbóndi heimilað NLS að nýta það sem tekjur upp í grisjunarkostnað . Leið D.

D. Verktaki grisjar, kvistar og staflar öllu nýtilegu efni. Norðurlandsskógar koma efni í verð.

- Verktaki fær greitt frá NLS samkvæmt taxta eða verk er boðið út. (144.000 kr/ha frá NLS)

- NLS sér um sölu á efni og andvirðið gengur upp í grisjunarkostnað. Verði tekjur umfram kostnað við grisjunina renna þær til skógarbónda.

Norðurlandsskógar ákveða hvar verður grisjað á hverjum tíma og ræðst það af grisjunarpörf og fjárframlögum á hverjum tíma. Í öllum tilfellum verður gerður grisjunarsamningur við skógarbónda áður en verk hefst, þar kemur fram hvaða leið skógarbóndi hyggst velja og upplýsingar um þéttleika skógarins fyrir grisjun, grisjunarstyrkleika og almennar verklagsreglur.

Greiðslur fyrir grisjun miðast við rúmmál viðar sem felldur er m.t.t. þéttleika skógarins. 120.000 kr./ha er meðaltal miðað við 15-20 ára lerkiskóg sem grisjaður er úr 2500-3000 trjám niður í 1.200 tré á hektara og það skili 15-20 rúmmetrum af viði. Greiðslur fyrir hverja grisjun miðast við mælingar á þéttleika og viðarmagni í skóginum. (Þannig geta greiðslur til skógarbænda orðið bæði hærri og lægri en þetta meðaltal, allt eftir gerð skógarins.) Hækkningar á milli ára fylgja þróun launavísitölu og miðast við vísitölu í janúar 2011.

Grisjunarreglur þessar voru samþykktar af stjórn Norðurlandsskóga 25. janúar 2011.